

Fundargerð

223. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 2. mars 2022 í Verksmiðjunni á Glerártorgi Akureyri kl. 13.30.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp, samþykkt og undirrituð**
2. **Orkuskipti, bifreiðakaup og hleðslustöðvar**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá kaupum á tveimur rafbifreiðum af tegundinni Citroen e-c4 og uppsetningu á hleðslustöðvum til að þjónusta þær. Eldri metan bifreið verður seld og á síðasta ári var ein bensín bifreið seld. Nýju bílarnir lofa góðu og þannig eru þrjár rafbifreiðar í notkun vegna skrifstofu á Akureyri. Samningur er um afnot af tvinnbifreið starfsmanns á Húsavík og í hennar stað kemur rafbíll þegar líður á árið og orkuskiptum í almennum akstri þannig lokið.

3. **Umhverfismál og beiting þvingunaraðgerða**

-Geymsluúrræði fyrir númerslausar bifreiðar sem fjarlægðar eru skv. heimild heilbrigðisnefndar: Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá samráði nokkurra sveitarfélaga í Eyjafirði um að finna rúmgott og afgirt geymsslussvæði vegna númerslausra bifreiða, tækja og lausadóts; þannig að hægt verði framkvæma viðamiklar hreinsunaraðgerðir með samræmdum hætti á starfssvæði nefndarinnar. Markmiðið er koma í veg fyrir að vandamál færist úr einu sveitarfélagi í annað og að auðvelda framkvæmd stærri aðgerða. Vonast er til þess að slíkt geymsluúrræði finnist áður en að snjóa leysir.

3.1 Lóð í íbúðarhverfi á Akureyri sem geymir fjölda númerslausra bifreiða ásamt lausadóti. Ákveðið að gefa lokafrest til 17. júní 2022 til hreinsunar á lóð og ef ekki verður brugðist við í tíma verði beitt dagsektum; kr. 10.000,- á dag

3.2 Lóð í dreifbýli í Eyjafjarðarsveit sem geymir fjölda númerslausra bifreiða ásamt ýmiskonar tækjum og lausadóti. Ákveðið að gefa lokafrest til 17. júní 2022 til hreinsunar á lóð og ef ekki verður brugðist við í tíma verði beitt dagsektum; kr. 5.000,- á dag

3.3 Lóð í dreifbýli í Hörgársveit sem geymir fjölda númerslausra bifreiða ásamt ýmiskonar lausadóti. Ákveðið að gefa lokafrest til 17. júní 2022 til hreinsunar á lóð og ef ekki verður brugðist við í tíma verði beitt dagsektum; kr. 5.000,- á dag

3.4 Lóð í dreifbýli í Svalbarðsstrandarhreppi sem geymir mikinn fjölda númerslausra bifreiða ásamt lausadóti; lokafrestur er liðinn og fyrirhugað að fjarlægja mikinn fjölda númerslausra bifreiða þegar snjóa leysir skv. dómsúrskurði þar um

4. **Kisukot, Löngumýri 8, Akureyri:**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti ábendingar og kvartanir sem hafa borist vegna starfsemi kattaathvarfsins Kisukots sem er starfrækt í Löngumýri 8 á Akureyri. Heilbrigðisnefnd veur athygli viðkomandi rekstraraðila á að rekstur dýraathvarfs er háður starfsleyfi heilbrigðisnefndar og að forsenda fyrir

starfsleyfi heilbrigðisnefndar er að fyrir liggi leyfi skipulags- og byggingafulltrúa. Heilbrigðisnefnd fer fram á að rekstraraðili Kisukots í Löngumýri 8 skili inn umsókn um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar sem allra fyrst; þannig að ekki þurfi að grípa til þvingunaraðgerða. Heilbrigðisnefnd hvetur jafnframt til þess að rekstraraðili Kisukots og Akureyrarbær kanni hvort fært er að koma á samstarfi um reksturs dýraathvarfs í heppilegu húsnæði; um er að ræða mjög þarfa og mikilvæga þjónustu í þágu dýravelferðar og varðar skyldur og þjónustu sveitarfélaga

5. Úrbætur í umhverfismálum hjá Landvirkjun, þ.e. niðurdæling á þéttivatni í Kröflu og hreinsun á gösum er losna við Þeystareykjavirkjun

Jóhannes Haukur Hauksson heilbrigðisfulltrúi kynnti metnaðarfullar úrbætur Landsvirkjunar í Kröflu og á Þeystareykjum, þ.e. niðurdæling á þéttivatni um nýja borholu til að lagmarka neikvæð áhrif þéttivatns á yfirborði og uppsetning á vatnshreinsistöð sem lagmarkar losun á brennisteinsvetni og koldíoxíði vegna útblásturs frá Þeystareykjum.

Umsagnir:

1. Umsögn um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar íbúðabyggðar í landi Brúarlands í Eyjafjarðarsveit

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn vegna fyrirhugaðrar íbúðabyggðar í landi Brúarlands

2. Umsögn til Skipulagsstofnunar vegna aðflugsljósa við flugbraut Akureyrarflugvallar

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn vegna framkvæmda vegna aðflugsljósa við flugbraut Akureyrarflugvallar

3. Umsögn til Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðrar aflaukningar Hólsvirkjunar í 6,7 MW

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn vegna fyrirhugaðrar aflaukningar Hólsvirkjunar

4. Umsögn vegna deiliskipulag vegna hafnarsvæðis og suðurbæjar á Þórshöfn

Jóhannes Haukur Hauksson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn vegna deiliskipulags hafnarsvæðis og suðurbæjar á Þórshöfn

5. Umsögn vegna hafnarsvæðis vegna stækkunar á húsnæði og fjölgun bílastæða við jarðböðin í Mývatnssveit

Jóhannes Haukur Hauksson heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn vegna stækkunar á húsnæði og fjölgun bílastæða við jarðböðin í Mývatnssveit

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Arnfinnur ehf, kt. 410721-1710 Hafnarstræti 90 600 Akureyri, veitingarekstur og innflutningur á áfengum drykkjum. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt**
2. Litla dýrasnyrtistofan kt. 250674-3929 Ásvegi 3 620 Dalvík, hunda- og kattasnyrting. **Samþykkt til 12 ára.**
3. Ghost Mountain ehf kt. 471221-0150, veitingarekstur á Skíðahóтели og Strýtuskála í Hlíðarfjalli, 601 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
4. Íþróttamiðstöðin Þelamörk kt. 510110-3830 (íþróttamiðstöð, sundlaug og veitingastaða), endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
5. Hjálpræðisherinn Akureyri, kt. 620169-1539, Hrísalundi 1a 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
6. Pharmarctica ehf kt. 481101-2270 Stórasvæði 8 610 Grenivík, pökkun og framleiðsla á fæðubótarefnum, framleiðsla og pökkun á snyrtivörum, pökkun og dreifing matvæla og pökkun á sæfivörum, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
7. Vala Björt Harðardóttir kt. 070278-5379 Fróðasundi 4, 600 Akureyri, gistinguþjónusta. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
8. Guðný Rut Bragadóttir kt. 030679-5479 Brekkugötu 5b 600 Akureyri, snyrtistofa og sala á vörum þeim tengdum, endurnýjun vegna flutnings. **Samþykkt til 12 ára.**
9. Snyrtistofan Lilja kt. 650108-0860 Brekkugötu 5 600 Akureyri, snyrtistofa, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
10. Kaffi Lyst kt. 570107-0700, Lystigarðinum, 600 Akureyri, kaffihús með mat og vín, kynningar og litlir viðburðir. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
11. Urban farm/Hótel Akureyri ehf kt. 640912-0220, Hafnarstræti 75 600 Akureyri, lóðrétt vatnsræktun á kryddjurtum og kálmeti. **Samþykkt til 12 ára. Með fyrirvara um lokaúttekt.**
12. Harpa snyrtifræðingur kt. 100192-3499, Brekkugötu 5, 600 Akureyri, snyrtistofa. **Samþykkt til 12 ára.**
13. Viðburðastofa Norðurlands kt. 540598-2079, Hafnarstræti 100, 600 Akureyri, útleiga á íbúðum. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
14. Corner ehf, kt. 620318-0860, Kaupvangsstræti 1, 600 Akureyri, sushi veitingastaður. **Samþykkt til 12 ára.**

15. Ghost Kitchen kt. 640821-1830 Strandgötu 12 600 Akureyri, veitingarekstur og framleiðsla, útvíkkun á fyrri leyfi. **Samþykkt til 12 ára.** Jóhann Gunnar Kristjánsson tók ekki þátt í afgreiðslu.
16. Vesturkantur ehf, kt. 541008-0630 Hálöndum, gistiþjónusta í 12 húsum að í Hrímlandi. Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti aðvörunarmerkingar á kojum sem eru í notkun hjá Vesturkanti ehf. **Samþykkt til 12 ára.**
17. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar-Símey kt. 660900-2090, Þórsstígur 4 600 Akureyri, fræðslustarfsemi vegna framhalds- og fullorðinsfræðslu, námskeiðahald, ráðgjöf, verkefnastjórnun og þjónusta. **Samþykkt til 12 ára.**
18. Hið nýja líf kt. 070267-3819 Brekkugötu 5b 600 Akureyri, slakandi meðferðir, dekur, heilun, fótasæla og nudd (regndropameðferð). **Samþykkt til 12 ára.**
19. Rauðhylur ehf kt. 4302202-0150, Túngötu 3, 610 Grenivík, veitingasala, þ.e. sala á skyndibita, hamborgurum, samlokum og þess háttar. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
20. Snyrtistofan Lind kt. 630807-0930 Sunnuhlíð 12 603 Akureyri, endurnýjun vegna flutnings. **Samþykkt til 12 ára.**
21. Skógarböð ehf kt. 521120-1420, Vaðlaskógi, 605 Akureyri, baðstaður í náttúrunni í flokki I með laugarbar og veitingahús. **Samþykkt til 12 ára.**
22. Norðurorka, vatnsveita Vaðlaheilarganga, kt. 550978-0169, ný veita. **Samþykkt til 12 ára.**
23. Bónus kt. 450199-3389, Norðurtorgi 600 Akureyri, matvöruverslun. **Samþykkt til 12 ára.**
24. Kríuveitingar kt. 450504-3510 Hafnargötu 19 611 Grímey, veitingasala. **Samþykkt til 12 ára.**
25. Crossing the line ehf kt. 520516-1230 Arnarfelli II 601 Akureyri, ræktun og þurrkun á hampi til teigerðar. **Afgreiðslu frestað.**
26. Spírólína fæðubótarefni kt. 480513-0880, Mývatnssveit. **Samþykkt til 12 ára.**
27. Akursel kt. 660195-2039, Þórshöfn, pökkun og sala á grænmeti. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
28. PCC á Bakka, Húsavík, kt. 450612-3370, landmótun í námi á Tjörnesi með kvartssandi frá PCC. **Samþykkt til 12 ára.**
29. N1 Húsavík kt. 411003-3370, endurnýjun. **Samþykkt til 12 ára.**
30. Viðauki við starfsleyfi Íslandshótelis í Mývatnssveit og á Húsavík, kt. 630169-2919; hundahald leyft í tveimur herbergjum. **Samþykkt til 1 árs.**

31. Vatnsveita Norðurþings við Bakka Húsavík, kt. 640169-5599. **Samþykkt til 12 ára.**
32. Mývatnsstofa ehf kt. 710507-3170 Hlíðavegur 6 660 Mývatn, rekstur bændamarkaða í félagsheimilum á Breiðumýri, Ýdölym, Skjólbrekku og Kaffi Borgum. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
33. Mývatn ehf kt. 520491-1399 Skútustöðum 2c 660 Mývatn, framleiðsla á bjór. **Afgreiðslu frestað.**
34. Hárið 1908 ehf, hársnyrtistofa, kt. 460122-0660, Svalbarðsvegi 8, 606 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.30

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Jóhann Gunnar Kristjánsson

Pórey Agnarsdóttir

Guðmundur Smári Gunnarsson

Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Kristín Halldórsdóttir

Jóhannes Haukur Hauksson

Lilja Guðnadóttir